

Stofnun:

Rafmagneftirlit ríkisins

Rafmagnsveitur ríkisins

Sementsverksmiðja ríkisins

Staða:

Rafmagnseftirlitsstjóri

Yfirverkfræðingur

Forstöðumaður fjármálasviðs

Forstöðumaður tæknisviðs

Forstjórar

Viðskiptaráðuneyti

Löggildingarstofan

Forstöðumaður

Umhverfisráðuneyti

Náttúruverndarráð

Veiðistjóri

Skipulagsstjóri ríkisins

Náttúrufræðistofnun Íslands

Veðurstofa Íslands

Framkvæmdastjóri

Veiðistjóri

Skipulagsstjóri

Forstöðumaður

Veðurstofustjóri

Listi þessi tekur gildi 1. febrúar 1991.

*Fjármálaráðuneytið, 28. janúar 1991.***Ólafur Ragnar Grímsson.***Birgir Guðjónsson.***RELUGERÐ****um gjald til Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins árið 1991.**

1. gr.

Eigendur fiskiskipa 10 brl. og stærri skulu greiða gjald til Hagræðingarsjóðs. Skal gjaldið á árinu 1991 nema 885 kr. af hverri brúttórúmllest en þó skal gjaldið aldrei vera hærra en 265.000 kr. fyrir hvert skip. Gjaldldagi hagræðingarsjóðsgjalds er 1. janúar ár hvert og greiðist gjaldið án tillits til þess hvort skipi er haldið til veida eða ekki. Liggi brúttórúmllestamæling skips ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttótonn.

Gjald skv. 1. mgr. skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á váttryggingarreikning skips, skv. 2. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landssamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessum hluta til Hagræðingarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð.

Sé gjald ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða í Hagræðingarsjóð dráttarvexti af því sem gjaldfallið er samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipum fyrir hagræðingarsjóðsgjaldi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 40, 15. maí 1990, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 29. janúar 1991.***Halldór Ásgrímsson.***Árni Kolbeinsson.*